

## Tilmæli 11/2019

Fyrri skjalsnúmer A 1795/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Norræn framkvæmdaáætlun á sviði útivistar**

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 30. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að* samin verði norræn framkvæmdaáætlun á sviði útivistar sem byggð verði á liðunum sjö í nefndarálitinu

*að* Norræna ráðherranefndin láti rannsaka eftirtalið: Tengsl útivistar og lýðheilsu á Norðurlöndum, þ.e. hvað er unnt að gera til að fá fleiri börn, ungmenni og fullorðna til að taka þátt í útivistarstarfi? Jafnframt verði rannsakað hvers vegna sumir kjósa að stunda ekki útivist — eru einhverjar hindranir í vegi fyrir því? Og hvernig geta fleiri tekið þátt í útivistarstarfi án þess að náttúruspjöll hljótist af?

*að* tekið verði til athugunar að skipuleggja samnorrænt útivistarár á næstu árum. Sjónum yrði þá beint að útivist á Norðurlöndum á breiðum grundvelli með ýmsum viðburðum og málþingum og íbúum landanna yrði gert kleift að stunda fjölbreyttara útivistarstarf í því skyni að hvetja fólk til hreyfingar utanhúss og stuðla þannig að betri lýðheilsu.

Kaupmannahöfn, 5. nóvember 2019

*Hans Wallmark*

forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs